

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. maí 2006

Tilvísun: UST20060300159/ee

Álver í Helguvík allt að 250.000 t-tillaga að matsáætlun

Ísland er í erindi Skipulagsstofnunar dags. 27. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu Norðurláls að matsáætlun fyrir Álver við Helguvík, allt að 250.000 t, Reykjanesbæ og sveitarfélaginu Garði. Stofnunin telur matsáætlunina fjalla um alla helstu áhrifaþætti vegna byggingar og reksturs álversins varðandi mengun í lofti, láði og legi á gróður, dýralíf og fólk. Vöktun umhverfis fyrir og eftir gangsetningu verksmiðju er einnig gerð skil og hvernig uppfylltar verði kröfur íslenskra laga og reglna ásamt alþjóðlegum skuldbindingum. Lagðar eru til eftirfarandi lagfæringar á matsáætluninni:

Kafla 5.2.1 Gróðurhúsalofttegundir: Fjallað er um hvaða möguleikar séu á mótvægisáðgerðum uppfylli losun gróðurhúsalofttegunda ekki ákvæði Kyoto-bókunarinnar. Einnig hvernig áætluð losun PFC-efna samræmist stefnu íslenskra stjórnvalda. Skýra þarf þessi atriði betur í matsáætluninni og fjalla um losun PFC-efna við gangsetningu verksmiðju.

Áðrir alþjóðasamningar: Fjalla þarf um losun þrávirkra efna m.a. PAH-efna með tilliti til annarra alþjóðasamninga s.s. CLRTAP.


Tafla 5.1: Reglugerðar tilvísun á að vera í reglugerð 251/2002. Mörk fyrir flúoríð í umhverfi eru mörk sem stuðst hefur verið við í starfsleyfum álvera á Íslandi, þó svo að þau hafi upphaflega komið frá Noregi.

Þynningarsvæði: Varðandi þynningarsvæði þá vill stofnunin benda á að eðlilegt er að miða þynningarsvæði eingöngu við gróðurverndarmörk.

Kafla 5.2.3: Fjallað er um ráðstöfun úrgangs m.a. förgun kerbrota o.fl. í flæðigryfjum. Einnig þarf að fjalla um mögulega endurvinnslu kerbrota og annars slíks úrgangs. Vegna flæðigryfja þarf að fjalla um strauma og sjávarföll og útskolun úr úrgangi og áhættumat vegna slíkrar útskolunar.

Tafla 7.1: Ísland í kafla 5.1.1 í skýrslunni sem ekki fyrirfinnst.

Virðingarfyllt


Stefán Einarsson

Staðgengill forstöðumanns


Egill Einarsson

Fagstjóri